

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. júní 2017
UST201705-212/K.S.J.
10.04.03

Efni: Þingvellir. Tillaga að deiliskipulagi, tvö svæði innan Þingvalla

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tveggja svæða innan Þingvalla

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að byggja tvær salernisbyggingar sumarið 2017 innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Svæðin sem áætlað er að reisa ofangreindar salernisbyggingar á eru annars vegar Valhallarplan og hins vegar Þingplan, sem eru afmörkuð bílastæði og nánasta umhverfi þeirra og eru í þinghelginni austan Almagnagjár. Að mati Umhverfisstofnunar er staðsetning salernishúsa á plönunum ágæt þar sem plönin eru nú þegar framkvæmd svo ekki þarf að raska nýjum svæðum. En Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi atriði sem mættu betur fara að mati stofnunarinnar.

Ofangreint skipulagstillögusvæði fellur undir lög nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 og reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006. Umhverfisstofnun minnir á 3. gr. laga nr. 85/2005 en þar segir: „*Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.*“

Þar af leiðandi þurfa allar framkvæmdir að fara þannig fram að ekki hljótist mengun af.

Umhverfisstofnun bendir á að í stefnumótuninni, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumótun 2004 – 2024 kemur eftirfarandi fram: „*Umferð bíla um þinghelgina takmarkist við sérstakar þarfir hreyfihamlaðra, þjóðgarðsvörslu og rekstur nema sérstakir atburðir eða samkomur gefi tilefni til annars.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er ætlast til skv. ofangreindri stefnu að bílaumferð í þinghelginni sé eins lítil og komist er af með.

Staðhættir

Í umfjöllun um staðhætti er fjallað um bílastæðin tvö sem setja á salernishús á, og aðkomu að þeim. Umhverfisstofnun bendir á að ekkert kemur fram um stærðir svæðanna, fjölda bílastæða eða sjónræn

áhrif af rútum og bílum í hjarta Þingvalla. Að mati Umhverfisstofnunar ættu ekki að vera rútustæði á viðkomandi bílplönunum, rútur ættu aðeins að koma í þinghelgina til að setja af og sækja fólk (drop off stæði) og á hvorum stað ætti að vera tiltekinn fjöldi stæða fyrir venjulega fólksbíla, og ef þau eru öll í notkun þá ætti fólk að fara annað og leggja þ.e. á Haki eða við þjónustubyggingu. Að mati stofnunarinnar ætti heildarumferðaráætlun fyrir Þingvelli að fylgja tillögu að deiliskipulagi. Væntanlegt heildardeiliskipulag sem boðað er í greinargerðinni, ætti ekki að vera samsafn af áætlunum til að bregðast við ástandi, heldur sýna framtíðarsýn fyrir alla umferð á öllu svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að safna upp öllu inn í þinghelgina heldur þarf að velja og hafna og ákveða hve margir bílar eru leyfðir á hverjum tíma og vísa til annarra á bílastæði fyrir utan svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum 2004 – 2024 kemur fram að höfuðforsenda skipulags til uppbyggingar í þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar sé verndað í sjálfbæru ástandi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að bílplön séu vel afmörkuð, og að ekki sé leyfilegt að leggja utan við veginn í nágrenni þeirra, svo álag og menningarminjar og vistkerfi sé sem minnst.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að annað planið þ.e. Valhallarplan er nær ánni en skipulagsreglugerð gerir ráð fyrir, sjá nánar hér fyrir neðan.

Valhallarplan

Í greinargerð kemur fram að Valhallarplan er staðsett sunnan Þingvallakirkju og Þingvallabæjarins, handan Öxarár. Þar var áður hótél Valhöll. Aðkoma er um Valhallarveg sem tengist inn á Vallaveg. Í dag er reiturinn skilgreindur sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Á deiliskipulagstillögu eru sýndar 7 rútur á planinu. Að mati Umhverfisstofnunar ættu rútur einungis að skila farþegum af sér eða sækja þá, en vera annars lagt við þjónustumiðstöð eða Hakið. Umhverfisstofnun bendir á að rútur hafa mikil sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að væntanleg salernisbygging er staðsett nálægt gjánum eins og hún er staðsett í tillögunni, en að mati stofnunarinnar færi betur á að staðsetja bygginguna á sjálfu planinu og taka rútustæðin út og fækka fólksbílastæðum.

Umhverfisstofnun gerir sér grein fyrir að Valhallarplan hefur lengi verið bílplan, en stofnunin vekur athygli á að skipulagssvæðið er á árbakka og stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á að vegaframkvæmdir eru framkvæmdir og skv. skipulagsreglugerð skal ekki framkvæma nær ám sjó og vötnum en 50 m. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða framkvæmdir á Valhallarplani í samhengi við ofangreint ákvæði.

Þingplan

Reiturinn þar sem salerni verður staðsett á Þingplani er í dag skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota. Á skipulagstillögu eru sýnd rútustæði sem að mati Umhverfisstofnunar ættu einungis að vera stæði til að setja fólk af og sækja, rútum ætti einungis að leggja við þjónustumiðstöð Þingvalla eða á stæðum á Hakinu. Að mati Umhverfisstofnunar ættu bílastæði að vera takmörkuð í hjarta Þingvalla sjá tilvitnun í stefnuskjalið *Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumótun 2004 – 2024*, hér að ofan.

Salernisbyggingar

Varðandi framkvæmdir og breytingar kemur skýrt fram í stefnumörkun 2004 – 2024 að:

„ásættanlegar breytingar takmarkast fyrst og fremst af verndun fornminjanna og af virðingu sem þeim ber að sýna. Jafnframt þarf að viðhalda hinu náttúrulega umhverfi í jarðmyndunum og gróðri, sem sýnilegri umgjörð sögunnar, án þess að athyglin dragist að óskyldum mannvirkjum.“


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áætlaðar salernisbyggingar falli vel að umhverfinu og tekur stofnunin undir þá áætlun að útlit, hæð og efnisval salernisbygginga og yfirbragð skuli vera í samræmi við núverandi og fyrirhugaðar salernisbyggingar á Hakinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlaðar salernisbyggingar séu afturkræfar eins og kostur er, svo rask eftir þær verði sem minnst ef skipulag breytist.


Fráveita

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að seyru sé safnað í safntank og flutt út af svæði, en bendir á mikilvægi þess að tryggt sé að seyra verði flutt á viðurkenndan móttökustað fyrir seyru. Einnig bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera í samræmi við lög og reglugerðir er gilda um Þingvelli og reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, þ.e. ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef hreinsistöð verður byggð.

Sérákvæði

Í umfjöllun um skilmála deiliskipulaganna kemur fram að innan byggingarreits sé heimilt að reisa salernisbyggingu á einni hæð að flatarmáli 150 m². Einnig kemur fram að þakfletir skulu vera tyrfðir með náttúrulegum gróðri sem finnst á svæðinu. Umhverfisstofnunar tekur undir það að staðargróður sé notaður, en bendir á mikilvægi þess að gróðri sé ekki raskað innan þinghelgi, heldur sé gróður fenginn lengra að.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Teymisstjóri